

REGLUGERÐ

Styrktar- og lánasjóðs til öflunar atvinnuréttinda á skipum.

1. gr.

Nafn sjóðsins.

Sjóðurinn heitir styrktar- og lánasjóður til öflunar atvinnuréttinda á skipum.

Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnun sjóðsins.

Sjóðurinn er stofnaður með tilvísun til 21. gr. laga nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og 8. gr. laga nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim yfirmönnum fjárstyrk, sem starfað hafa samkvæmt undanþágu án tilskilinna atvinnuréttinda og fara í nám til öflunar atvinnuréttinda.

Einnig er sjóðnum heimilt að veita lán þeim er stunda stýrimanna- eða vélstjórnarnám. Skulu sjóðnum settar nánari reglur varðandi slíkar lánveitingar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Undanþágugjöld er viðkomandi undanþáguhafar greiða til sjóðsins,
- b) Vaxtatekjur og verðbætur,
- c) Aðrar tekjur eða framlög er sjóðnum kunna að áskotnast.

5. gr.

Innheimta undanþágugjalds.

Fyrir hverja veitta undanþágu skal undanþáguhafi greiða ákveðið gjald, nú kr. 1 000,00 fyrir hvern byrjaðan mánuð þess tíma sem undanþágan gildir.

Greiðsla undanþágugjalds skal fylgja umsókn um undanþágu. Synji undanþágunefnd umsókn um undanþágu eða veiti undanþágu til styttri tíma en umsóknin gerir ráð fyrir, skal greiðslan öll eða sá hluti hennar sem umfram er endursendur.

Þeir nemendur Stýrimannaskóla og Vélskóla sem starfa á undanþágu milli námsára eiga rétt á endurgreiðslu undanþágugjalds haldi þeir áfram námi á næsta námsári gegn framvísun vottorðs frá viðkomandi skóla þar um.

Eigi skal innheimta undanþágugjald af þeim er lokið hafa fyllsta skólanámi til viðkomandi starfs, sé þeim veitt undanþága til starfs.

6. gr.

Stjórn sjóðsins.

Undanþágunefnd, eins og hún er á hverjum tíma skal skipa stjórn sjóðsins, sbr. 21. gr. laganna um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og 8. gr. laganna um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavaraða.

Stjórnin skal annast úthlutun styrkja og lána úr sjóðnum, svo og vörslu hans og ávöxtun. Skal stjórnin á hverjum tíma kappkosta að ávaxta fé hans á sem hagkvæmastan hátt.

7. gr.

Umsóknir um styrki.

Allar umsóknir skulu ritaðar á þar til gerð eyðublöð, sem sjóðstjórn lætur í té og skal þeim fylgja staðfesting viðkomandi skólayfirvalda að umsækjandi sé við nám.

8. gr.

Úthlutunarreglur.

Peir sem starfað hafa samkvæmt undanþágu og fara í sérstakt nám fyrir undanþágumenn til öflunar atvinnuréttinda, skal veittur styrkur úr sjóðnum.

Fjárhæðir styrkja skulu hverju sinni ákveðnar af stjórn sjóðsins í samræmi við tekjur hans og eignir hverju sinni. Miða skal við vikufjölda í námi.

Eftirfarandi hlutfallstölur, sem taka mið af fjölskyldustærð skulu lagðar til grundvallar þegar styrkur er veittur.

Vegna námsmanns	10,0
Vegna maka	1,0
Vegna 1. barns	1,0
Vegna 2. barns	1,5
Vegna 3. barns	2,0
Börn fleiri en 3	2,0 stig, fyrir hvert barn.

Við úthlutun úr sjóðnum skal stjórn hans m. a. taka tillit til búsetu umsækjanda og þess aukakostnaðar, sem því fylgir að sækja nám fjarri sínu heimili.

9. gr.

Afgreiðsla styrkja.

Afgreiðsla styrkja fer fram samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma. Skal miða við að styrkirnir greiðist mánaðarlega á meðan á námi stendur, nema stjórn sjóðsins ákveði annað.

Við móttöku styrkja úr sjóðnum mánaðarlega skal styrkhafi sýna fram á framvindu náms með vottorði frá viðkomandi skóla.

Afgreiðsla sjóðsins skal vera hjá Siglingamálastofnun ríkisins, en heimilt er stjórn sjóðsins að fela viðurkenndri bankastofnun vörslu hans.

10. gr.

Reikningsskil.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, sem skipaðir eru af ráðherra til veggja ára í senn, skv. tilnefningu Landsambands íslenskra útvegsmanna og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Skal stjórnin leggja endurskoðaða reikninga fyrra almanaksárs fyrir samgönguráðherra eigi síðar en 15. apríl árið eftir.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 112/1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og lögum nr. 113/1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda, og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 27. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.